

Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjavíkur miðvikudaginn 18. apríl 2018 í máli nr. X-32/2014:

Íslandsbanki hf.

(Andri Árnason hrl.)

gegn

Gamla Byr ses

(Gestur Jónsson hrl.)

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 21. mars sl., barst dóminum með beiðni slitastjórnar Gamla Byrs ses, dags., 14. febrúar 2014, mótttekinni 24. febrúar 2014, um dómsmeðferð vegna ágreinings um lýstar kröfur í slitameðferð Gamla Byrs ses, en málið var þingfest 16. maí 2014.

Í þinghaldi 21. febrúar sl. krafðist sóknaraðili þess að meðferð ágreiningsmálsins yrði frestað áfram þar til matsgerð dómkvaddra matsmanna í máli nr. M-147/2013 yrði lögð fram, en þeirri kröfu var mótmælt af varnaraðila málsins.

Hinn 21. mars sl. fór fram munnlegur málflutningur um kröfu sóknaraðila um frestun málsins. Við munnlegan flutning málsins gerði sóknaraðili nánar þá kröfu að málinu yrði frestað þar til matsgerð dómkvaddra matsmanna í umræddu matsmáli nr. M-147/2013 lægi fyrir, en til vara að málinu yrði frestað til 1. október 2018.

Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila um frestun málsins verði synjað og ákveðinn verði tími fyrir málflutning um frávísunarkröfu sóknaraðila, samkvæmt greinargerð varnaraðila sem lögð var fram hinn 12. janúar 2018.

I.

Dómkröfur sóknaraðila samkvæmt greinargerð hans, sem lögð var fram hinn 7. nóvember 2014, eru eftirfarandi:

„A-liður

I.

(i) Þess er krafist að krafa sóknaraðila, aðallega að fjárhæð 6.659.029.647 krónur; til vara 6.125.942.693 krónur; til þrautavara 5.834.755.597 krónur; til þrautaþrautavara 5.624.203.095 krónur; í öllum tilvikum með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 12. júlí 2011 til 6. mars 2013, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags, verði viðurkennd við slit varnaraðila, með stöðu í réttindaröð samkvæmt 3. tölulið 110. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Til þrautaþrautaþrautavara er þess krafist að ákveðnar verði skaðabætur og/eða eftir

atvikum afsláttur að álitum, ásamt vöxtum og dráttarvöxtum í samræmi við aðalkröfu, og að sú krafa verði viðurkennd við slit varnaraðila, með stöðu í réttindaröð samkvæmt 3. tölulið 110. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.

(ii) Jafnframt er þess krafist, í öllum ofangreindum tilvikum, að krafa sóknaraðila, að fjárhæð 12.621.414 krónur, verði viðurkennd við slit varnaraðila, með stöðu í réttindaröð samkvæmt 3. tölulið 110. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.

II.

Að viðurkenndur verði réttur sóknaraðila til að nýta kröfu samkvæmt A-I hér að framan, til skuldajafnaðar á móti kröfu varnaraðila á hendur sóknaraðila samkvæmt skuldabréfi útgefnu 23. nóvember 2011, vegna kaupsamnings dags. 12. júlí 2011, aðallega miðað við 23. nóvember 2011, til vara við 6. mars 2013, en til þrautavara við einstaka gjalddaga höfuðstóls fyrrgreinds skuldabréfs, þ.e. 23. nóvember 2014 og 23. nóvember 2015, svo og í öllum tilvikum miðað við einstaka gjalddaga vaxta.

B-liður.

Þess er krafist að krafa sóknaraðila að fjárhæð 676.207.655 krónur, með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, en að öðrum kosti vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. sömu laga, af 488.976.832 krónum frá 23. janúar 2013 til 25. febrúar 2013, af 529.625.629 krónum frá þeim degi til 25. mars 2013, af 564.115.518 krónum frá þeim degi til 23. apríl 2013, af 599.837.188 krónum frá þeim degi til 23. maí 2013, af 636.790.640 krónum frá þeim degi til 24. júní 2013, og af 676.207.655 krónum frá þeim degi til greiðsludags, verði viðurkennd við slit varnaraðila, með stöðu í réttindaröð samkvæmt 3. tölul. 110. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. “

Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar í öllum tilvikum.

Samkvæmt greinargerð varnaraðila í efnisþætti málsins, sem lögð var fram hinn 12. janúar sl., er þess krafist að málinu verði vísað frá dómi. Verði ekki fallist á frávísunarkröfu krefst varnaraðili þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað, en til vara að þær verði lækkaðar verulega. Þá krefst varnaraðili málskostnaðar.

II.

Eins og áður segir var ágreiningsmál þetta um lýstar kröfur í slitameðferð Gamla Byrs ses þingfest 16. maí 2014 og fékk það málsnúmerið X-32/2014. Frá þingfestingu málsins hafa verið verið haldin 14 þinghöld. Kemur m.a. fram í þingbók málsins að málinu hafi ítrekað verið frestað að beiðni beggja málsaðila, án athugasemda af hálfu gagnaðila, til þess að leggja fram greinargerðir til sóknar og

varnar, en einnig með vísan til þess að beðið væri niðurstöðu matsgerðar í máli nr. M-147/2013.

Umrætt matsmál nr. M-147/2013 var þingfest 7. febrúar 2014, í því skyni að afla matsgerðar til að meta nánar tiltekin atriði varðandi fjárhagsstöðu matsþola, Byrs hf., eins og hún var hinn 30. júní 2011. Er markmið matsbeiðanda að staðreyna meint fjárhagslegt tjón sem hann telur sig hafa orðið fyrir vegna vanefnda matsþola á kaupsamningi milli aðila um alla hluti í Byr hf. frá 12. júlí 2011. Kemur fram í matsbeiðninni að niðurstöðu matsins sé ætlað að vera grundvöllur málatilbúnaðar og kröfugerðar matsbeiðanda í fyrirhuguðum dómsmálum matsbeiðanda á hendur matsþolum. Matsmenn voru dómkvaddir 16. maí 2014. Samkvæmt gögnum málsins hafa verið haldnir 14 formlegir matsfundir og síðasti matsfundur var haldinn 15. janúar 2018. Samkvæmt verkáætlun matsmanna frá 7. febrúar sl. gera matsmenn ráð fyrir að ljúka matsgerð sinni 15. nóvember nk.

III.

1. Helstu málsástæður og lagarök sóknaraðila

Sóknaraðili krefst þess að málinu verði frestað þar til matsgerð í málinu nr. M-147/2013 liggja fyrir. Reisir sóknaraðili kröfu sína á 102. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Fyrir liggja að sönnunarfærslu í málinu sé ekki lokið, en umrætt ákvæði geri ráð fyrir hæfilegum fresti, að teknu tilliti til aðstæðna, til að ljúka gagnaöflun.

Um ástæður þess að gagnaöflun hafi ekki verið lokið tekur sóknaraðili fram að málið sé umfangsmikið og varði flókin lögskipti og mikinn fjölda eignarliða, sem matsbeiðni sóknaraðila lúti að. Rekstur matsmálsins hafi gengið hægar en vonir hafi staðið til, m.a. vegna tæknilegra hindrana og þess hvernig skjölun og varðveislu gagna hafi verið háttáð hjá Gamla Byr ses. Auk þess hafi ágreiningur verið um verklag við matsframkvæmdina. Þá hafi matsþolar, einkum varnaraðili, jafnframt beint mörgum erindum til matsmanna sem hafi þurft að taka mið af, en einnig hafi þurft að tryggja matsþola beinan aðgang að matsandlaginu, sem hafi a.m.k. óbeint gert matsferlið tafsamara en ella hefði orðið.

Sóknaraðili bendir á að tilteknum þáttum í matsvinnu virðist vera lokið eða þeir langt komnir og vísar hann í því sambandi til samantektar matsmanna, dags. 6. apríl 2017, sem liggja fyrir í gögnum málsins. Þá hafi sóknaraðili sem matsbeiðandi þegar lagt í verulegan kostnað við vinnu við matið, sbr. yfirlit matsmanna frá 15. ágúst 2017. Áætlun matsmanna miðist við að matsgerð liggja fyrir síðar á þessu ári, samkvæmt því sem fram komi í verkáætlun þeirra, dags. 7. febrúar sl. Tekur

sóknaraðili fram að hann muni gera ráðstafanir sem nauðsynlegar séu til að tryggja eftir fremsta megni að matsgerð verði hraðað.

Sóknaraðili telur að einnig beri að hafa í huga að varnaraðili hafi sjálfur óskað eftir og samþykkt fresti í máli þessu, eða fram í janúar 2018, og þá oftast gagngert í því skyni að unnt yrði að ljúka við matsgerð sóknaraðila. Vísar sóknaraðili í því sambandi til þinghalds í málinu. Þá sé mikilvægt að hafa í huga að nú sjái til lands í matsferlinu, sbr. áðurgreinda verkáætlun matsmanna.

Sóknaraðili telur að hann eigi, með vísan til 2. mgr. 100. gr. laga nr. 91/1991, rétt á fresti til að ljúka öflun matsgerðar, þrátt fyrir framkomna kröfu varnaraðila um frávísun málsins frá dómi. Máltilbúnaður varnaraðila, m.a. til stuðnings kröfu um frávísun málsins, lúti raunar gagngert að efni þess í skilningi 2. mgr. 100. gr. laga nr. 91/1991. Þá sé krafa varnaraðila um frávísun málsins einvörðungu reist á sjónarmiðum um að krafa sóknaraðila og grundvöllur hennar sé vanreifaður, samhliða því að byggt sé á því að krafan styðjist ekki við viðhlítandi gögn, sbr. kafla 4.4.4 í greinargerð varnaraðila sem beri yfirskriftina „Gagna- og sönnunarskortur – vanreifun“. Mótbárur varnaraðila séu því samofnar efni málsins, þ.m.t. sönnunarfærslu. Að auki sé væntanlegri matsgerð m.a. ætlað að renna frekari stoðum undir kröfu sóknaraðila, þ.m.t. þau atriði sem varnaraðili byggir á að séu vanreifuð í máltilbúnaði sóknaraðila. Sóknaraðili hafi þannig verulega og ótvíræða hagsmuni af því að fá frest til að ljúka öflun matsgerðar, og það áður en kröfur varnaraðila, m.a. um frávísun vegna meintrar vanreifunar, komi til úrslausnar.

2. Helstu málsástæður og lagarök varnaraðila

Varnaraðili krefst þess að hafnað verði kröfu sóknaraðila um að málinu verði frestað þar til matsgerð liggir fyrir í málinu. Varnaraðili tekur fram að sóknaraðili hafi lýst kröfu í bú varnaraðila 28. júní 2013 og þeirri kröfu hafi verið hafnað hinn 1. október sama ár. Bendir sóknaraðili á að hraða beri meðferð mála sem rekin eru samkvæmt lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., sbr. 177. gr. laga nr. 21/1991. Fylgja beri sömu sjónarmiðum við rekstur málsins og fram koma í 100. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, en málsaðila greini á um hvort ákvæðið eigi hér við. Samkvæmt síðastgreindu ákvæði beri að leysa úr frávísunarkröfu þegar í stað, sbr. einnig 3. mgr. 177. gr. laga nr. 91/1991.

Varnaraðili tekur fram að ekki sjái fyrir endann á matsferlinu, sem hafi nú þegar tekið rúm fjögur ár og kostnaður sé orðinn um 100 milljónir króna. Allur sá tími hafi ekki nægt matsmönnum til að afla gagna í málinu. Samkvæmt verkáætlun matsmanna frá 7. febrúar sl. sé enn gert ráð fyrir gagnaöflun og að útbúið verði reiknilíkan. Telur varnaraðili að framlögð verkáætlun þeirra breyti engu. Þá sé ekki hægt að bæta úr vanreifun málsins með matsgerð. Hið langa matsferli hafi leitt til

Þess að ekki hafi verið unnt að ljúka skiptum á búi varnaraðila, en skylt sé að ljúka þeim á eðlilegum tíma. Þá sé því mótmælt að ófullnægjandi gögn varnaraðila hafi valdið drætti á meðferð matsmálsins.

IV.

Niðurstaða

Eins og áður greinir var ágreiningsmáli þessu vísað til dómsins með beiðni slitastjórnar Gamla Byrs ses, dags. 14. febrúar 2014, um dómsmeðferð vegna ágreinings um lýstar kröfur í slitameðferð Gamla Byrs ses, og var málið þingfest 16. maí 2014, þar sem það fékk málsnúmerið X-32/2014. Frá þingfestingu málsins hafa verið 14 þinghöld í því. Kemur fram í þingbók að málinu hafi verið frestað að beiðni beggja máladaila til þess að leggja fram greinargerðir til sóknar og varnar en einnig vegna þess að beiðni sé niðurstöðu matsgerðar í máli nr. M-147/2013.

Fyrirgreint matsmál, M-147/2013, var þingfest 7. febrúar 2014, og voru matsmenn dómkvaddir í því hinn 16. maí 2014. Haldnir hafa verið 14 formlegir matsfundir og síðasti matsfundur var 15. janúar sl.

Sóknaraðili málsins lagði fram greinargerð sína eftir höfðun matsmálsins, eða hinn 7. nóvember 2014, þar sem hann áskildi sér m.a. rétt til að leggja fram á síðari stigum matsgerð dómkvaddra manna að loknu matsferli á grundvelli dómkvaðningar samkvæmt matsbeiðni sóknaraðila, dags. 11. nóvember 2013. Varnaraðili málsins lagði fram greinargerð í málinu hinn 12. janúar 2018.

Í þessum þætti málsins krefst varnaraðili þess að krafa hans sem fram kemur í greinargerð um að málinu verði vísað frá dómi verði tekin til úrskurðar eins og málið liggja nú fyrir. Reisir hann frávísunarkröfu sína m.a. á því að reifun sóknaraðila á meintu fjártjóni og kröfugerð sé ófullnægjandi.

Sóknaraðili málsins krefst þess á hinn bóginn að málinu verði frestað þar til niðurstaða matsmanna liggja fyrir, sem samkvæmt fyrirbyggjandi verkáætlun matsmanna er gert ráð fyrir að verði lokið 15. nóvember nk.

Af 177. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. verður ráðið að hraða beri sérstaklega meðferð mála sem rekin eru samkvæmt 5. þætti laganna. Ef mál er hins vegar þannig vaxið að eðli þess er ekki frábrugðið venjulegu einkamáli, eins og á við um ágreiningsmál aðila, gilda hliðstæð sjónarmið um málshraða og fresti og um væri að ræða mál sem farið væri með samkvæmt lögum um meðferð einkamála, sbr. 2. mgr. 178. gr. laga nr. 21/1991.

Í 2. mgr. 100. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, er gert ráð fyrir að munnlegur flutningur fari fram um frávísunarkröfu stefnda áður en fjallað verður um efnishlið málsins. Frá þessu má þó víkja ef krafa stefnanda byggir á ástæðum sem varða einnig efni máls og nægjanlegar upplýsingar þykja ekki komnar fram að

Því leyti. Dómkröfur sóknaraðila varða fjárkröfur sem hann lýsti við slit varnaraðila, Gamla Byrs ses, með kröfulýsingu 23. júní 2013, vegna kaupsamnings frá 12. júlí 2011, þar sem sóknaraðili keypti allt hlutafé í Byr hf. af varnaraðila og fjármálaráðueytinu f.h. íslenska ríkisins. Kveður sóknaraðili kröfur sína í grunninn reistar á ábyrgðaryfirlýsingum seljenda og almennum reglum fjármunaréttar vegna vanefnda m.t.t. fjárhagsstöðu hins selda, Byrs hf., sem hafi verið til muna verri en látið hafi verið uppi og sóknaraðili mátti vænta. Í greinargerð er kröfugerð, meintum tölulegum þætti málsins og málsástæðum lýst. Þá hefur sóknaraðili gert sérstakan áskilnað í greinargerð um öflun matsgerðar til þess að staðreyna hið meinta fjártjón sitt. Er ljóst af gögnum málsins að kröfugerð sóknaraðila er mjög umfangsmikil og varðar mörg atriði.

Taka verður undir með málsaðilum að meðferð málsins hefur dregist úr hófi, sem eins og áður segir skýrist fyrst og fremst af því að meðferð matsmálsins hefur dregist lengur en gert var ráð fyrir. Samkvæmt verkáætlun dómkvaddra matsmanna, dags. 7. febrúar sl., er gert ráð fyrir að matsskýrslu verði skilað þann 15. nóvember nk. Það sér því fyrir endann á hinu langa matsferli.

Að virtum skýringum sóknaraðila um þörf á öflun matsgerðar, sem raktar hafa verið hér að framan og fram koma í greinargerð hans, er það niðurstaða dómsins með vísan til 2. málsl. 2. mgr. 100. gr. laga nr. 91/1991, sbr. einnig d-lið 1. mgr. 80. gr. sömu laga, sbr. 2. mgr. 178. gr. laga nr. 91/1991, að sóknaraðili hafi af því augljósa hagsmuni að beðið verði niðurstöðu dómkvaddra matsmanna og sóknaraðila verði gert kleift að leggja fram matsgerð áður en úrskurðað verði um frávísunarkröfu varnaraðila, þar sem matsgerð kann að varpa ljósi á umfang hugsanlegs tjóns og fjárhæðir því tengdar. Þá verður auk þess að líta til þess að frávísunarkrafan er öðrum þræði á því reist að málið sé vanreifað.

Með vísan til þessa er fallist á kröfu sóknaraðila um frestun málsins, en þó eigi lengur en til 15. nóvember nk.

Rétt þykir að ákvörðun málskostnaðar vegna þessa þáttar málsins bíði efnisdóms.

Ragnheiður Snorradóttir héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

ÚRSKURÐARORÐ:

Fresta ber flutningi um frávísunarkröfu varnaraðila, Gamla Byrs ses, þar til matsgerð í málinu nr. M-147/2013 verður lögð fram, en þó eigi lengur en til 15. nóvember 2018.

Málskostnaður í þessum þætti bíður efnisdóms.

Ragnheiður Snorradóttir (sign.)
